

**Fyrsti fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja
haldinn miðvikudaginn 13. júní kl. 16 á skrifstofu Sandgerðisbæjar**

Mætt: Halldór Pálmar Halldórsson, Gunnar Hallgrímsson, Karl Sölvi Guðmundsson, Erla Ósk Pétursdóttir, Sigrún Árnadóttir.

Fundargerð:

1. Nýskipuð stjórn skipti með sér verkum. Sigrún Árnadóttir var tilnefnd formaður, Erla Ósk Pétursdóttir varaformaður. Ákveðið var að stjórnin myndi skipta með sér verkum ritara.
2. Varamenn í stjórn eru Þjóðbjörg Gunnarsdóttir, Björk Guðjónsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Þorvaldur Örn Árnason og Hjálmar Árnason.
3. Farið var yfir stofnskrá Þekkingarsetursins og gerðar ýmsar lagfæringar á henni. Stofnskráin mun send menntamálaráðuneyti til yfirferðar og samþykktar.
4. Skráning og stofnun sjálfseignarstofnunar fyrir Þekkingarsetrið. Sigrún tók að sér að sjá um það sem því fylgir. Því verki verður hraðað eins og kostur er.
5. Stofnframlög þurfa að liggja fyrir við skráningu Þekkingarsetursins. Stofnframlög verða í formi fjárframlaga, búnaðar og tækja. Ákveðið var að Sandgerðisbær myndi innheimta stofnframlögin. Þeir aðilar sem leggja fram búnað og tæki þurfa að taka saman lista yfir þau hið fyrsta. Listann þarfnast staðfestingar endurskoðenda.
6. Starfsmannahald og rekstur. Stjórnin samþykkti að starfsmaður í þrifum og núverandi forstöðumaður Fræðaseturs yrðu starfsmenn Þekkingarsetursins og gildir sú ákvörðun frá 1. apríl. Stjórnin var einnig sammála um að Þekkingarsetrið tæki yfir rekstur hússins að Garðvegi 1 frá sama tíma, tekjur vegna gistingar og aðrar tekjur eins og vegna leigu á rannsóknaraðstöðu færast á Þekkingarsetrið frá 1. apríl.
7. Ákveðið var að auglýsa starf forstöðumanns. Lögð fram drög að auglýsingu, hún lagfærð. Umsóknarfrestur verður til 20. júlí. Auglýst verður í Fréttablaðinu og Víkurfréttum. Stjórnarmenn munu einnig dreifa auglýsingunni á netmiðla.
8. Stefnt er að undirritun samnings við Menntamálaráðuneytið um Þekkingarsetrið fyrir lok júní.
9. Ákveðið var að stjórnarlaun verði þau sömu og Sandgerðisbær greiðir fyrir nefndarsetu. Ekki verður um að ræða sérstakt álag fyrir formann.
10. Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.20.